

✉ Tilkynning um kæru, málsnúmer 242024

| | |
|----------------|--|
| Búið til | 29.2.2024 10:53:49 |
| Höfundur | [REDACTED] |
| Móttekið dags. | 29.2.2024 10:35:10 |
| Tilheyrir | 📁 USK24020298 - Kæra 24/2024 - Túngata 36A |

Efni

| |
|--------------------------------------|
| Tilkynning um kæru, málsnúmer 242024 |
|--------------------------------------|

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|----------------|----------------------------|----------|----------|
| Móttekið dags. | 29.2.2024 10:35:10 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Málalýkill | 00.15.02 Kæurur og dómsmál | | |
| Lykilorð | kæurur | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is) |
| Til | usk@reykjavik.is |
| Cc | [REDACTED] [REDACTED] [REDACTED] [REDACTED] [REDACTED] |

Innihald

| |
|---|
| <p>Góðan dag.</p> <p>Meðfylgjandi er afrit kæru ásamt fylgiskjölum vegna ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 30. janúar 2024 um að samþykkja leyfi fyrir áðurgerðum breytingum á húsi á lóð Túngötu 36A. Var kærán móttekin 28. febrúar 2024 og hefur hún fengið málsnúmerið 24/2024.</p> <p>Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsógn í málinu innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.</p> <p>Óskað er eftir upplýsingum um leyfisumsækjanda sem allra fyrst, þ.e. nafn og netfang eða símanúmer.</p> <p>Óskast staðfest um móttöku.</p> <p>Með kveðju,</p> |
|---|

Unnpór Jónsson, lögfræðingur

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 575 8710

www.uua.is

(<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7Cd809c79d428a4538395e08dc39121e3c%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638448004670730353%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=V0%2BRIOUVZGRYjpY21%2FMwGpsXVglx4nz2NnyrUgFSG8Q%3D&reserved=0>) - Fyrirvari/Disclaimer

(<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fumvefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7Cd809c79d428a4538395e08dc39121e3c%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638448004670741092%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=jaU7pi9y4JO6elzNbjUD5W3pHg%2BaDPbpqxuOEIOsrI%3D&reserved=0>)



KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

28.2.2024 15:16

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kærðu þarf umboð frá meðkærendum ef kærðan er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

| | |
|--------------|----------------------|
| Fullt nafn | Magnús Helgi Árnason |
| Kennitala | |
| Heimilisfang | Marargata 7 |
| Póstnúmer | 101 |
| Staður | Reykjavík |
| Sími | |
| Netfang | |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

| | |
|--------------|--|
| Fullt nafn | |
| Kennitala | |
| Heimilisfang | |
| Póstnúmer | |
| Sími | |
| Netfang | |
| Umboð | |

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgangi stjórnsvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úrskurðaði 26.08.2022 (22/2022)

"Féll er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. mars 2022 um að samþykka leyfi fyrir áðurgerðum breytingum á Túngötu 36a er fólust í því að gluggi á norðurhlíð hússins var síkkaður og settar þar dyr auk gerðar svala eða palls með tröppum niður á lóðina."

Röksemd að baki þessum úrskurði var m.a.:

„Samkvæmt aðaluppdráttum sem samþykktir voru með hinni kærðu ákvörðun er gert ráð fyrir 3,5 m² palli framan við nýjar dyr á norðurhlíð hússins að Túngötu 36a og stiga þaðan niður á lóðina. Verður ekki lokað fyrir það skotið að umdeildar framkvæmdir geti haft grenndar-áhrif gagnvart fasteign kæranda, svo sem vegna aukinnar innsýnar og breyttrar umferðar um lóð leyfishafa. Á fyrrgreind undantekningarreglu 3. mgr. 44. gr. skipulags-laga því ekki við í máli þessu. Bar borgaryfirvöldum því að grenndarkynna hina um-deildu umsókn fyrir kæranda og öðrum er gætu átt hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Þar sem það var ekki gert verður þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.“

Á fundi byggingarfulltrúa Reykjavíkur 30.01.2024, (tölulíður 39) kemur fram:

"Túngata 36A-USK2303236. Sótt hafi verið um leyfi fyrir aðgerðum gerðum breytingum sem felast í að gluggi á norðurhlíð hefur verið síkkaður á 1. hæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 36A við Túngötu."

Þetta erindi er samþykkt.

Þessi ákvörðun byggingarfulltrúa er kærð. Að áliti kæranda hundsar byggingarfulltrúi Reykjavíkur úrskurð umhverfis- og auðlindamála nr. 22/2022. Engin grenndarkynning hefur farið fram en innsýn inn í íbúð óbreytt frá fyrri ákvörðun byggingarfulltrúa sem féll úr gildi. Þá fæst ekki séð af ákvörðun byggingarfulltrúa hvort Minjastofnun hafi fjallað um þessa breytingu en vegna aldurs hússins fellur parhúsið Túngata 36/36a undir áskilnað 30. gr. laga 80/2012 laga, (hús byggt fyrir árið 1940). Þá fæst ekki séð hvort sameigandi að parhúsinu (Túngata 36 og 36A) hafi samþykkt þessa byggingarleyfisskyldu framkvæmd. Loks fæst ekki séð hvers vegna vísað er til þess í afgangi byggingarfulltrúa frá 30.01. s.l. að fyrir liggja samþykki lóðarhafa Túngötu 23.

| | |
|---|-------------------------------|
| Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun | byggingarfulltrúi Reykjavíkur |
| Dagsetning ákvörðunar | 30.01.2024 |
| Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar) | 4. gr. laga 130/2011. |

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Þess er krafist að ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 30.01.2024 um að samþykkja leyfi fyrir áður gerðum breytingum á Túngötu 36a er fólust í því að gluggi á noðrurhið hússins var síkkaður verði felld úr gildi.

5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Kærandi er eigandi íbúðar í húsinu Marargata 7, en garðar Túngötu 36A og Marargötu 7 liggja saman, að sunnanverði við húsið Marargata 7 en að norðanverðu við húsið Túngata 36A. Breytingin hefur grenndaráhrif gagnvart fasteign kæranda vegna aukinnar innsýnar.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Við skoðun á fundargerð byggingarfulltrúa fyrstu viku febrúar mánaðar 2024.

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Vísað er til rökstuðnings úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 22/2022.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---------------|---|
| Lýsing skjals | afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 30.01.2024 |
| Númer skjals: | 1 |
| Fylgiskjal | Túngata 36a afgreiðslufundur byggingarfulltrúa Reykjavíkur 30.01.2024.PDF |